

Bæjarráð - FW: Þjóðleikhúsið og Brúðuheimar á ferð um landið

Til : Hjördís Práinsdóttir
Frá : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : Bæjarráð - FW: Þjóðleikhúsið og Brúðuheimar á ferð um landið
Málsnúmer : 2016060097
Málsaðili : Þjóðleikhúsið
Skráð dags : 25.05.2018 13:20:41
Höfundur : Þórdís Sif Sigurðardóttir

Viðhengi [ATT00001.htm](#)[ATT00001.htm](#)

[Breif þjóðleikhúlsstjóra.pdf](#)[Breif þjóðleikhúlsstjóra.pdf](#)

From: "Hildur M. Jónsdóttir" [<mailto:hildur@bruduheimar.is>]

Sent: sunnudagur, 20. maí 2018 14:23

Subject: Þjóðleikhúsið og Brúðuheimar á ferð um landið

Ágætu viðtakendur.

Ég skrifa ykkur í framhaldi af bréfi dagsettu 17. apríl sem ykkur barst frá Þjóðleikhússtjóra. (Sjá hér í viðhengi)

Bernd Ogradnik brúðulistamaður hjá Brúðuheimum, mun ferðast með Þjóðleikhúsinu um landið í september á þessu ári með sýningu sína “Sögustund”. Sýningin er brot úr sýningu sem Bernd er búinn að ferðast með um allan heim þar sem sýningin hefur verið sýnd í stórum leikhúsum og á virtum leiklistarhátíðum. Hvarvetna fær sýningin gríðarlega góðar viðtökur og er hér því um einstakt tækifæri að ræða. Sýningin er fjölskyldusýning en við höfum valið atriði sem henta yngri börnum og munum við í þessari ferð sýna fyrir börn á aldrinum 5 - 6 ára. Þetta á við elsta árgang í leikskóla og yngsta árgang í grunnskóla.

Á þeim stöðum þar sem mjög fá börn eru á þessum aldri, má skoða að bjóða eldri börnum með á sýninguna í samráði við okkur.

Við vonum að þið sjáið ykkur fært að taka á móti okkur og veita þá aðstoð sem óskað er eftir.

Hér fyrir neðan eru upplýsingar um þann sýningartíma sem ykkur stendur til boða. Þar sem ætlunin er að heimsækja flest byggðarlög á landinu og bjóða upp á yfir fjörutíu sýningar, þá er því miður ekki hægt að hreyfa mikið við þeim sýningartímum sem boðið er uppá á hverjum stað. Við vonum að þið getið aðlagð ykkur sem mest að þeim tímasetningum.

Við hlökkum til að heimsækja ykkur.

Með fyrirfram þökkum fyrir góða samvinnu,

Hildur M. Jónsdóttir
frkv.stj. Brúðuheima ehf.
Sími: 895 9447
hildur@bruduheimar.is

Við bjóðum upp á tvær sýningar á Ísafirði 7. september klukkan 9.30 og 10:30. Bernd og tæknimenn verða mættir á sýningarstað klukkustund fyrr til að setja upp og undirbúa.

Sýningarnar eru ætlaðar börnum á Ísafirði, Bolungarvík, Súðavík, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Ef þið óskið eftir að hnika til sýningartímunum má alveg skoða það.

Við óskum góðfúslega eftir því að þið úvegið gistingu aðfaranótt 7. september - tvö einsmanns herbergi með uppábúnum rúmum.

Vinsamlegast verið í sambandi við mig varðandi hugsanlegan sýningarstað og önnur útfærsluatriði. Síðast þegar Þjóðleikhúsið kom með sýningu vestur var sýnt í Edinborgarhúsinu.

Í haust er einnig til skoðunar að bjóða eldri borgurum upp á sýningu víðsvegar um landið og höfum við áhuga á að bjóða upp á slíka sýningu á Ísafirði (sjá bréf frá Þjóðleikhússtjóra hér í viðhengi) Það eru tveir möguleikar á útfærslu, annað hvort að bæta við þriðju sýningunni í Edinborgarhúsinu og bjóða velkomna þangað þá einstaklinga sem eru færir um að sækja slíka sýningu eða að við sýnum stutt brot úr sýningunni á völdu hjúkrunarheimili eða dagvistun fyrir eldri borgara. Við skulum endilega skoða möguleikana í sameiningu.

Hlakka til að heyra frá ykkur.

K.kv. Hildur.